



## **Kveðja forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar til Frjálsrar verslunar**

Á 80 ára afmæli Frjálsrar verslunar færi ég starfsliði tímaritsins fyrr og nú, ritstjórum og eigendum, heillaóskir á merkum tímamótum. Öll þessi ár hefur Frjáls verslun staðið undir því nafni að verja og efla málstað frjálsra viðskipta, markaðs- og einstaklingsfrelsis.

Samfélög þrífast ekki án verslunar. Það þekktu þeir á eigin skinni sem námu þetta land í árdaga og sú hefur verið raunin æ síðan. Í nýlegu öndvegisriti um utanríkisverslun Íslendinga að fornu og nýju er sú saga rakin, þessi sannindi staðfest með frásögnum, rannsóknum og ályktunum. Líftaug landsins heitir verkið og í því nafni felst einmitt kjarni málsins.

Þótt verslun hafi verið meðal máttarstólpa samfélagsins voru fyrstu lögbækur okkar fáorðar um viðskipti og rétt manna í þeim efnunum. Í Festapætti Grágásar sagði þó að öll kaup skyldu haldast með mönnum vottlaus nema fern: „Ef maður kaupir land, eða goðorð, eða hafskip, eða fastnar sér konu.“ Segir þetta væntanlega sitt um hvaða viðskipti þóttu mikilvægust á þeim tíma. Kaupabáلكur kvað jafnframt á um viðurlög gegn sviksemi verslunarmanna svo annað dæmi sé tekið, og má vekja sérstaka athygli á því að sá, sem væri fundinn sekur um fláttskap, skyldi gjalda „þeim mörk er keypti en konungi sex merkur“. Þjóðhöfðinginn sýnist þar með hafa verið ágjarnastur allra á þessum árum; og hann gat haft umtalsverðan hag af prettum annarra.

Kaupmennirnir komu að utan. Margt réð endalokum þjóðveldisins en rétt hlýtur það að teljast sem Ásgeir Jakobsson rithöfundur skrifaði í skemmtilegri sögu sinni um Þórð kakala: „Eyþjóð, sem hvorki átti sér verslunarstétt né skip til siglinga, bar náttúrulega dauðann í sér.“

Saga verslunar og viðskipta verður ekki rakin hér en næstu aldir voru kaupmennirnir áfram erlendir og síðan kom einokunarverslun Dana, gróðalind fyrir kaupmenn og konung. Þá var Hólmfastur Guðmundsson hýddur fyrir að

selja kaupmanninum í Keflavík þrjár löngur, tvö sundmagabönd og tíu ýsur – af því að hann bjó í umdæmi Hafnarfjarðarkaupmanns. Því má að vísu líka halda til haga að íslenskir höfðingjar og embættismenn studdu einokunarverslunina frekar en hitt. Víglínan lá ekki milli vondra útlendinga og góðra Íslendinga.

Sem betur fer urðu umskipti ytra og ferskir vindir tóku að blása þaðan, fullt verslunarfrelsi náðist um miðja nítjándu öld – þjóðþrifamál sem hinir framsýnu hér heima börðust einnig fyrir, með Jón forseta í broddi fylkingar. Að því kom að fólk fékk reiðufé í eigin hendur, gat lagt sparnað fyrir í banka. Áhættufé í útgerð og annan rekstur kom einnig að utan og forfeður okkar og -mæður fundu um sömu mundir þann mátt sem felst í að taka höndum saman. Kaupfélög og samvinnufélög voru stofnuð, verslunarfélög sömuleiðis.

Þannig rann upp ný öld á Íslandi, tuttugasta öldin, öld framfara og velmegunar. Blikur voru þó á lofti þegar Verslunarmannafélag Reykjavíkur hóf að gefa út Frjálsa verslun, í ársbyrjun 1939. Markaðir fyrir fiskafurðir höfðu lokast víða, höft ríktu í heimi viðskipta, og íslenska ríkið rambaði á barmi eins konar gjaldþrots. Svo kom stríðið, sá hræðilegi hildarleikur. En efnahagur Íslands vænkaðist til muna.

Hin góða staða að stýrjöld lokinni var ekki nýtt til að leysa landið á ný úr viðjum hafta. Stjórnvöld komu sér undan óskum og meginstefnu vestrænna ríkja um frjáls viðskipti og stöðuga hagstjórn. Ekki má þó gleyma því sem þá var raunin hér, einhæfni í útflutningi sem markaði Íslandi ákveðna sérstöðu í Evrópu. Og almennungur efnaðist upp til hópa þótt ástandið væri vissulega undarlegt um margt. „Þannig þyrllaðist ég inn í þjóðdans Íslendinga,“ skrifaði Auður Haralds um Hvunndagshetjuna, „fetaði taktinn eftir flautukonsert verðbólgunnar og steig út og inn hjá bankastjórum í trylltum víxlabóleró“.

Um síðir voru stigin skref í frjálsræðisátt, í átt til aukinnar samvinnu við aðrar Evrópuþjóðir. Aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu breytti miklu, að ekki sé minnst á þá byltingu sem varð með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. „Önnur eins breyting hefur ekki orðið á íslenskri löggjöf síðan á 13. öld þegar Járn síða og síðar Jónsbók voru lögleiddar,“ skrifaði Sigurður Línadal lagaprófessor stuttu síðar.

Þræði þessarar seinni sögu, frá aðdraganda stýrjaldar til okkar daga, má finna í Frjálsri verslun undanfarin 80 ár. Margvíslegur fróðleikur um fyrri tíð hefur einnig ratað á síður ritsins. Að sjálfsögðu er atburðum og sviptingum lýst af sjónarhóli ritstjóra, blaðamanna og greinahöfunda, verjenda og unnenda frjálsrar verslunar. Í öflugum samfélagi gætir jafnan ólíkra sjónarmiða og fólk gætir hófs og sýnir sanngirni þegar það skiptist á skoðunum.

Ég ítreka heillaóskir mína til Frjálsrar verslunar og allra sem að ritinu standa.